

gufubátsferðir um Breiðaflóa og eptir nokkrar umræður samþykkt eptirfarandi tillaga með 4 atkvæðum gegn 3.

80
8. júní

Amtsráðið telur það brýna nauðsyn fyrir hjeruðin í kringum Breiðaflóa, að gufubátur gangi um flóann, en álitur jafnframt gufubátinn »Guðrúnu« gjörsamlega óhæfan til þess, vegna þess hve lítill hann er og laklega útbúinn.

Fleiri mál komu ekki til umræðu, gjörðabók lesin og samþykkt.

Fundi slitið 8. júní.

Lárus H. Bjarnason. Björn Bjarnarson. Sæm. Halldórsson.
Snæbjörn Kristjánsson. Janus Jónsson. Þorvaldur Jakobsson.
Jóhann Þorsteinsson.

Rjetta útskrift staðfestir

Lárus H. Bjarnason.

Eptirrit.

af gjörðabók amtsráðs Norðuramtsins.

81
13. júní

Ár 1905, þriðjudag 13. júní kl. 11 f. h. var aðalfundur amtsráðsins í Norðuramtinu settur á Akureyri.

Á fundinum mættu, auk hins reglulega forseta, sýslumanns og bæjarfógeta Guðlaugs Guðmundssonar, amtsráðsmennirnir: Björn Sigfússon hreppstjóri á Kornsa fyrir Húnavatnssýslu, Ólafur Briem umboðsmaður á Álfgæirsvöllum fyrir Skagafjarðarsýslu, Stefán Stefánsson kennari á Möðruvöllum fyrir Eyjafjarðarsýslu, og Árni Jónsson prófastur á Skútustöðum fyrir Suðurþingeyjarsýslu.

Fundurinn tók til meðferðar þessi málefni:

1. Forseti lagði fram ársreikninga eptirnefndra sjóða fyrir árið 1904, með tilheyrandi fylgiskjölum:
 1. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins
 2. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
 3. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 4. Þúsundára afmælisssjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 5. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 6. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu.
 7. Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.
 8. Bókasafn Norðuramtsins.
- Amtsráðsmennirnir skiptu þessum reikningum með sjer til endurskoðunar.
2. Forseti lagði fram:
 - a. Reikning kirkjunnar á Hólum í Hjaltadal fyrir árið 1904, saminn af kirjuhaldara, fylgiskjalalausán.

81
13. júní

- b. Reikning búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal, fyrir árið 1904, með fylgiskjölum, saminn af skólastjóra.
Amtsráðsmennirnir tóku reikninga þessa til endurskoðunar.
3. Forseti lagði fram:
- Sýslusjóðsreikninga fyrir árið 1904, með fylgisköllum, úr öllum sýslum amtsins.
 - Sýsluvegasjóðsreikninga fyrir árið 1904, með fylgiskjölum, úr öllum sýslum amtsins.
 - Reikning fyrir árið 1904, yfir brúarsjóðsgjald úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, með fylgiskjölum.
4. Framlögð voru og lesin upp endurrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu frá fundum þeirra.
- Húnavatnssýslu dagana 13.—18. marz 1905.
 - Skagafjarðarsýslu dagana 27. febr.—3 marz 1905.
 - Eyjafjarðarsýslu dagana 2.—7. marz 1905.
 - Suðurþingeyjarsýslu dagana 27. febrúar til 2. marz 1905.
- Við fundargjörðirnar fann amtsráðið ekki neitt að athuga.
5. Framlagðir voru reikningar yfir styrktarsjóði alþýðufólks 1904, og yfirlit yfir efnahag styrktarsjóðanna og fann amtsráðið ekki neitt við hin framlögðu yfirlit að athuga.
6. Forseti lagði fram:
- Beiðni um styrk frá kvennaskóla Húnavetninga á Blönduósi, ásamt ársreikningi 1904, og skýrslu um vorpróf.
 - Beiðni um styrk frá kvennaskóla Eyfirðinga á Akureyri, ásamt prófskýrslum og reikningi skólans fyrir 1904.
- Amtsráðið samþykkti að veita skólum þessum, eins og undanfarið, ár 400 kr. hvorum úr jafnaðarsjóði.
7. Samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu samþykkti amtsráðið, að taka skuli í tölu sýsluvega:
- Veg frá Efra Núpi í Torufstaðahreppi fremra, út að Vesturá.
 - Veg frá StóruGiljá í Torfulækjarhreppi upp Reykjabraut að norðvestur-enda Svinavatns og þaðan að YtriVatnsvikinni.
8. Þá var framlögð beiðni frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu um 2000 króna styrk til byggingar sjúkraskýlis á Sauðárkrók.
Amtsráðið samþykkti að veita 1500 krónur til sjúkraskýlis á Sauðárkrók með því skilyrði að hlutaðeigandi skýlisfjelag taki að sjer ábyrgð á viðhaldi sjúkraskýlisins, þegar það sje byggt, og að það leggi fram að minnsta kosti jafnmikla upphæð.
- Þegar að því kemur, að þessi upphæð verði greidd, ákvað amtsráðið, að hún skyldi tekin að láni og afborguð með jöfnum upphæðum á 10 árum.
9. Þá voru framlagðir aptur reikningar þeir, er taldir eru í tölulið 1., endurskoðaðir.

Amtsráðið úrskurðaði reikninga þessa þannig:

1. Reikning jafnaðarsjóðs Norðuramtsins:
Samþykktur án athugasemda.
2. Reikning Prentsmiðjúsjóðs Norðuramtsins:
Samþykktur án athugasemda.
3. Reikning Búnaðarsjóðs Norðuramtsins:
2 krónur 83 au. má endurgjalda dánarbúi P. Briems amtmanns.
4. Þúsund ára afmælistjóðs Eyjafjarðarsýslu:
Samþykktur án athugasemda.
5. Reikning búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu:
Samþykktur án athugasemda.
6. Reikning styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu:
Samþykktur án athugasemda.
7. Reikning gróðrarstöðvarinnar á Akureyri:
Samþykktur án athugasemda.
8. Reikning bókasafns Norðuramtsins:
Samþykktur án athugasemda.
10. Þá voru framlagðir aptur reikningar þeir, er taldir eru í tölulið 2, endurskoðaðir.
Amtsráðið úrskurðaði þessa reikninga þannig:
 - a. Reikning kirkjunnar á Hólum:
Reikningur þessi er alveg fylgiskjalalaus, og að öðru leyti einnig ógreinilega saminn; verður því ekki endurskoðaður. Reikninginn ber að senda heim aptur.
 - b. Reikningur búnaðarskólans á Hólum:
 1. Á tekjulið 3. telst til ábyrgðar kr. 1,00.
 2. Á tekjulið 4. teljast til ábyrgðar kr. 2,00.
 3. Á gjaldið 4. teljast til ábyrgðar kr. 3,55.
 4. Kvittanir vanta fyrir 3 kr. 4 aurum á gjaldlið 5, og fyrir 11 kr. 40 aurum á gjaldlið 6.
11. Þá voru framlagðir sýslusjóðsreikningar allra sýslna endurskoðaðir.
Amtsráðið úrskurðaði þessa reikninga þannig:
 - I. Húnavatnssýsla:
 1. Reikningur fyrir ritfangakostnaði er eigi undirskrifaður nje kvittaður.
 2. Yfirsetukvennalaun ársins virðast eiga að vera 540 kr., en útborgað er kr. 510,00. Þetta virðist stafa af því, að á fyrra ári eru fyrirfram greiddar 70 krónur, en á þessu ári 40 kr.
Amtsráðið telur slíkar fyrirfram greiðslur ekki heimilar.
 3. Fyrir hundalækningameðul virðast vangreiddar kr. 8,80 (Fylgiskjal 44.)
 - II. Skagafjarðarsýsla:
Kvittun landsbankans fskj. 9 er eigi áteiknuð af bókara.
Eptirstöðvarnar kr. 4,38 virðist reikningshaldari eiga að greiða.
 - III. Eyjafjarðarsýsla:
Samþykktur án athugasemda.

81

13. júní

IV. Suður-Þingeyjasýsla:

Samþykktur án athugasemda.

12. Þá voru framlagðir sýsluvegareikningar úr öllum sýslum amtsins, endurskodaðir.

Amtsráðið úrskurðaði reikningana þannig:

1. Húnavatnssýsla:

Athugasemd amtsráðsins við reikning 1903 er fullnægt.

Reikningur fyrir árið 1904 var samþykktur án athugasemda.

2. Skagafjarðarsýsla:

Samþykktur án athugasemda.

3. Eyjafjarðarsýsla:

1. Athugasemd amtsráðsins við reikning 1903, um vantandi skilagrein fyrir 25 krónum frá Hvanneyrarhreppi er eigi fullnægt.

2. Reikningnum fylgir ekki skýrsla um vegagjörð í Öngulsstaðahreppi að upphæð kr. 55,00. Hana ber að útvega.

4. Suðurþingeyjarsýsla:

Reikningnum fylgir ekki skýrsla um unnar vegagjörðir, heldur aðeins kvittanir fyrir fje því, er veitt hefir verið til sýsluvega, en í fundargjörð sýslunefndarinnar 27. febr. til 2. marz 1905, tölulíð 3, má sjá, að umræddar skýrslur hafa verið framlagðar á fundinum, og hefir sýslunefndin athugað, að í sumum hreppum sýslunnar hafði ekki verið unnið fyrir allt það fje, er veitt var og útborgað úr vegasjóði.

Amtsráðið finnur því ástæðu til, að fela forseta að brýna það fyrir hlutaðeigandi reikningshaldara, að eigi sje heimilt, að færa til útgjalda í vegasjóðsreikningnum fjárveitingar til annara vegagjörða en þeirra, sem unnar hafa verið fyrir reikningslok, og að reikningunum eigi að fylgja árlega skýrslur um unnar vegabætur.

13. Þá voru framlagðir reikningar yfir brúarsjóðsgjald úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, endurskodaðir, og voru þeir samþykktir án athugasemda.

14. Viðvíkjandi skólahaldinu á Hólum í Hjaltadal árið 1904—05, voru framlögð eptirfylgjandi skjöl:

1. Skýrsla um búnaðarskólann á Hólum veturinn 1904—1905 með fylgiskjölum A.—G.

2. Skýrsla prófests Zófóniasar Halldórssonar um kennslu hans í íslenzku við skólann.

Amtsráðið athugaði þessi skjöl og fann ekki ástæðu til að gjöra nein- ar sjerstakar ályktanir viðvíkjandi þeim.

Amtsráðið samþykkti að láta prenta þessi skjöl sem skólaskýrslu fyrir árið 1904—1905.

15. Þá voru framlögð eptirfylgjandi skjöl viðvíkjandi úttekt á búinu á Hólum og jörðunni, er fram fór 15.—18. maí þ. á. úr hendi fyrri ábúanda Flóvents Jóhannssonar til viðtakanda Guðfinns Trausta Friðfinnssonar.

1. Úttektar- og afhendingargjörð dags. 15.—18. f. m.

2. Lýsing á húsum og mannvirkjum, er fylgja búinu á Hólum og virðing á húsum dags. 18. f. m.; virðingarverð kr. 3377 50. 81
13. júní
3. Skrá yfir virðing á lifandi peningi og lausafje, tilheyrandi búinu á Hólum í Hjaltadal dags. 18. f. m.; virðingarverð kr. 8702 31.
4. Skýrsla um mat á húsabótum og jarðabótum 1904—05 á Hólum.
5. Brjef frá prófasti Zófóniasi Halldórssyni dags. 31. f. m.
6. Brjef frá Flóvent Jóhannssyni dags. 6. þ. m. Skjöl þessi bera það með sjer, að af álagi á húsinu alls að upphæð kr. 843 50 hefir fráfararandi greitt — 600 00 og standa þá eptir kr. 243 50

Ennfremur hefir hann af leigufje búins, sem hann tók við, ekki skilað nema 179 ám af 286, er hann tók við; ennfremur hefir hann eigi enn greitt þær kr. 299 74, er amtsráðið á fyrra ársfundi hafði gjört honum að skyldu að borga, sem eptirstöðvar af leigum og afgangi. Útaf þessu tók ráðið svo-felldar ályktanir:

- a. Að því er álag snertir á húsinu, þá tekur amtsráðið það fram, að það telur fráfaranda skyldan að svara álagi og ábyrgjast full skil á þeim húsum, er hann hefir tekið við í ábúdartíð sinni og telur hann því skyldan að greiða hinar eptirstandandi 243 kr. 50 aura.
- b. Amtsráðið tekur það fram, að það getur alls eigi viðurkennt, að fráfarandi hafi rjett til þess, hvenær sem honum sýnist án samþykkis amtsráðs, forseta þess, eða eptirlitsmanns, að taka úr sjálfs sins hendi þann leigupening, er honum sýnist, gegn því að borga virðingarverð leigupeningins *eptir virðing, er fram hefir farið löngu áður*, og tekur það fram, að orðið »virðingarverð« í 6. gr. miðar sig ekki við virðinguna 14. maí næsta á undan, ef óskað er kaups á fjenu að hausti eða vetri næst á eptir.

Ennfremur skal það tekið fram, að ær þær, er fráfarandi jarðarinnar hefir skilað, voru að mun lakari en þær, er hann tók við (meðaltalsvigt: 1902 93 pd., 1905 82 pd.) og eins var með gemlinga (1902 48 pd., 1904 45 pd. meðaltalsvigt).

Þótt nú að vísu verðhækkun sú, er orðið hefir á sauðfje hin síðustu ár, hafi gjört það að verkum, að ær hafa verið virtar jafnhátt 1905 einsog 1902, þá álitur þó amtsráðið slík skil af hendi Flóvents Jóhannssonar þannig löguð, að hann sje skyldur til að svara skadabótum eptir 17. gr. sambr. 6. gr. sammingsins.

Að svo stöddu finnur þó amtsráðið eptir atvikum eigi brýna nauðsyn til að fyrirskipa málshöfðun á hendur honum útaf þessu efni, ef önnur ágreiningsmál geta orðið útkljáð án málssókna.

- c. Þær kr. 299 74, er amtsráðið hefir á fyrra árs fundi gjört fráfaranda að skyldu að greiða, ber að innheimta sem fyrst. Að svo miklu leyti, sem nauðsyn kann að bera til, að lögsækja fráfaranda, útaf því er fram er tekið um þessi efni, fól amtsráðið forseta sínum, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir í umboði ráðsins.

- 81** 16. Útaf brjefi frá Flóvent Jóhannssyni 6. þ.m., tók amtsráðið fram, að það finnur eigi ástæðu til að færa niður álagsupphæð húsanna, nje heldur til að borga umboðslaun fyrir innheimtu gjalda af Hofi.
13. júní 17. Þá var framlagt brjef frá skólastjóra Sigurði Sigurðssyni, prófasti Zofóniasi Halldórssyni og Jósep J. Björnssyni, dags. 19. jan. 1905, um að byggja leikfímishús og teiknisal á Hólum.

Amtsráðið viðurkennir það að vísu, að hinar umbednu framkvæmdir sjeu brýnt nauðsynlegar, en sjer sjer eigi fært að svo stöddu að veita fje það, er til þessa er nauðsynlegt.

18. Þá var framlagt brjef frá stjórnarráði Íslands, dags. 13. júní þ. á., þar sem lagt er fyrir amtsráðið, að láta uppi álit um það, hvar hinn fyrirhugaði bændaskóli, fyrir Norðurland, skuli standa, sjerstaklega hvort ekki muni vera heppilegt, að setja skólann á Kjarna í Eyjafirði, eins og millipinganefndin í landbúnaðarmálinu hefir lagt til.

Amtsráðið ræddi þetta mál mjög ítarlega, og var það tekið fram, að fyrir amtsráðið væri það allerfitt á þessu stigi málsins, að gjöra tillögu um, hvar setja skuli bændaskóla fyrir Norðurland. Það væri einkum, ef fækkað væri búnaðarskólum í landinu, að spurning gæti orðið um, að hætta við skólahlald á Hólum. En þar sem skólinn á Hólum nú hefir verið færður í sviplíkt horf, eins og hugsað er um bændaskólana, þá gæti það komið til álita, hvort ekki væri eins heppilegt, ef eigi verður fækkað búnaðarskólunum, að veita Hólaskóla svo riflegan styrk, að gjöra mætti skóla þennan að fullkomnari bændaskóla en hann er nú. Þetta mundi án efa verða ódýrara fyrir landssjóð, og fjártjón það, er af því leiðir, að leggja niður skólahlald á Hólum, mundi þá verða fyrirbyggt. Væri aðeins tveir búnaðarskólar á landinu, þá álitur meiri hluti amtsráðsins heppilegra, að skólinn fyrir Norðurland væri í Eyjafirði en á Hólum, þegar aðeins er tekið tillit til afstöðu og aðflutninga, en aptur á móti telur meiri hluti amtsráðsins það mjög vafasamt, hvort heppilegt er, að hafa skólann á Kjarna fremur en á einhverri annari jörð í Eyjafirði, er væri vel fallin til skólajardar.

Að svo stöddu finnur því amtsráðið eigi ástæðu til að bera fram ein-drægar tillögur um mál þetta, en lætur í ljósi, að það mundi telja heppilegt, að sú regla yrði tekin upp, að sýslufjelögunum væri gefinn kostur á að bjóða fram fje til kostnaðar við bændaskóla, og að skólinn yrði að öðrum jöfnum skilyrðum stofnaður í því sýslufjelagi, er mest vildi leggja til árlegs kostnaðar við skólann. Þá mundi og eptirlitið með slikum skólum verða nákvæmara og betra en ella, ef sýslufjelagið sjálft ætti að nokkru leyti, að hafa ábyrgð á honum.

19. Amtsráðið veitti leyfi til, eptir þar um framkominni beiðni, að byggja mætti samkomuhús fyrir Hólahrepp í landi jarðarinnar Hóla, þó að því áskildu, að ábúandi jarðarinnar veiti til þess samþykki. Lóðina veitti amtsráðið án eptirgjalds.
20. Þá var framlögð beiðni um land undir tilraunastöð, er fyrirhugað er að koma á fót í nánd við búnaðarskólann, að stærð $7\frac{1}{2}$ dagsl., og hefir ábúandi

veitt samþykki til þessa, að því tilskildu, að hann fái 10 kr. linun í eptirgjaldi jarðarinnar.

81
13. júní

Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa, með því skilyrði, að fjárhús þau, er standa á landsspildu þeirri, er óskað er eptir, verði borguð fullu verði eptir samningi við ábúanda þegar þau þarf að flytja af lóðinni.

Landsspildan sje eptirgjaldslaus, en fellur aptur til jarðarinnar, ef hætt verður að nota hana sem tilraunastöð.

21. Framlögð var fjallskilareglugjörð fyrir Húnavatnssýslu, er samþykkt var á síðasta fundi nefndarinnar.

Amtsráðið fól forseta að staðfesta reglugjörð þessa og ákveða hvenær hún gengur í gildi.

22. Þá var framlagt brjef frá Búnaðarfelagi Íslands dags. 30. f. m., um breyting á fulltrúakosning til búnaðarþingsins. Amtsráðið telur heppilegast, að þessar fulltrúakosningar verði, ef til þess kemur að gjöra á þeim breyting, faldar sýslunefndunum eptir nánari reglum.

23. Framlagt var brjef frá Sigurði Jónassyni á Bakka um 100 kr. styrk til gistihússhalds á Bakkaseli. Amtsráðið samþykkti að veita þessa upphæð, 100 krónur, með því skilyrði, að gistihúshaldið sje forsvaranlegt, eptir því er ákveðið var á síðasta fundi, og að öðru leyti viðunanlegt fyrir ferðamenn.

24. Þá tók amtsráðið til athugunar um bókasafn amtsins, að nauðsynlegt væri að gjöra nokkrar breytingar á fyrirkomulagi þess.

Framlagt var brjef frá bókaverði 6. febr. þ. á., þar sem hann skýrir frá, að hann hafi eigi getað komiðt yfir að afgreiða lántakendur þann 1 klukkutíma á viku, sem ákveðið er að bókasafnið sje opið.

Ennfremur var skýrt frá, að í Akureyrarkaupstað hafi verið leitað samskota til bókasafnsbyggingar á Akureyri og er það og kunnugt amtsráðinu, að mikil nauðsyn er til að útvega safninu betra húsnæði.

Amtsráðið ályktaði, að gefa Akureyrarkaupstað kost á því, að ganga inn í umráðarjett amtsráðsins yfir safninu með þeim skilyrðum:

1. Að kaupstaðurinn byggji yfir safnið eldtraust geymsluhús og lestrarstofu.
2. Að amtsbúar hafi rjett til að fá ljedar bækur af safninu, eins og verið hefir.
3. Að kaupstaðurinn annist allan árlegan kostnað af safninu eptirleiðis.

Jafnframt samþykkti amtsráðið, að selja megi þann hluta af ráðhúsinu, sem er eign jafnaðarsjóðs, og leggja upphæð þá, er fyrir þessa eign fæst, til hinnar nýju byggingar fyrir bókasafnið.

Verði tilboði þessu hafnað af hendi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, samþykkti amtsráðið, að útlánstími á safninu haldist óbreyttur.

Vilji Akureyrarkaupstaður fá útlánstímann lengdan, var forseta falið að leyfa það með því skilyrði, að kaupstaðurinn borgi þann kostnað, er af því leiðir.

Það er skilyrði fyrir tilboði amtsráðsins að því er snertir umráð bókasafnsins, að bæjarstjórn kaupstaðarins hafi gengið að þeim áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þessum degi.

81
13. júní

Var forseta falið að semja nánar við bæjarstjórn kaupstaðarins um um þetta efni, á þeim grundvelli, er að framan er tekinn fram.

Amtsráðsmaður Suðurþingeyjarsýslu óskaði þess getið, að hann greiddi atkvæði gegn tillögunum 1., 2. og 3. hjer á undan af því, að hann álitir að gjöra ætti fyrst sýslum amtsins kost á þessum kjörum, að því er bókasafnið snertir.

25. Forseti skýrði amtsráðinu frá, að hann hefði af vöxtum prentsmiðjusjóðsins veitt 2 námspiltum á gagnfræðaskólanum á Akureyri, Páli Guttormssyni og Vigfúsi Guttormssyni 27 krónur hvorum, og 2 námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga, Axelinu Dúadóttur og Steinunni Bjartmarsdóttur 27 krónur hvorri, eptir tillögum skólustjórans við gagnfræðaskólann og forstöðukonu kvenna-skólans.

Amtsráðið fann ekki neitt við þetta að athuga.

26. Var samin og samþykkt svohljóðandi áætlun

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld búnaarskólans á Hólum í Hjaltadal fyrir árið 1906.

Tekjur:

1. Væntanlegur styrkur úr landssjóði að meðtöldum styrk til verklegrar kennslu að minnsta kosti	kr. 4000 00
2. Afgjald af Hofi og leigur af innstæðu	— 900 00
3. Tillag úr jafnaðarsjóði	— 3500 00
	<hr/>
	kr. 8400 00

Gjöld:

1. Laun kennara:	
1. kennara	kr. 1200 00
2. —	— 800 00
3. —	— 350 00
4. tímakennsla	— 350 00
	<hr/>
	kr. 2700 00
2. Endurskoðun og eptirlit	— 150 00
3. Brunabótagjald	— 180 00
4. Viðhald skólahúss	— 800 00
5. Hiti, ljós og hirðing skólans	— 400 00
6. Bækur og áhöld	— 800 00
7. Námsstyrkur	— 500 00
8. Til verklegrar kennslu	— 1000 00
9. Vextir og afborgun láns	— 1200 00
10. Óviss gjöld	— 670 00
	<hr/>
	Kr. 8400 00

27. Var samin og samþykkt svohljóðandi

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins fyrir árið 1906.

81
13. júní

Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar	kr.	600 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	6000 00
		<hr/>
	Kr.	6600 00

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráð	kr.	800 00
2. Til menntamála:		
a. Til Kvennaskóla Eyfirðinga	kr.	400 00
b. — — Húvetninga	—	400 00
c. Til bókasafns Norðuramtsins	—	500 00
d. Til búnaðarskólans á Hólum:		
1. Búnaðarskólagjald	kr.	870 00
2. Tillag úr jafnaðarsjóði	—	2630 00
		<hr/>
		3500 00
	—	4800 00
3. Tillag til Búnaðarfjelags Íslands	—	400 00
4. Vextir og afborgun af spítalaláni	—	170 00
5. Til gistihúss á Bakkaseli	—	100 00
6. Óviss gjöld	—	330 00
		<hr/>
	Krónur	6600 00

28. Amtsráðið tók það fram viðvikjandi tölulið 2 c. gjaldamegin í áætlun jafnaðarsjóðs, að sá liður fellur burt, ef safnið verður afhent Akureyrarkaupstað til umráða.

Fleiri mál voru ekki borin upp á fundinum.

Gjörðabók lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Guðl. Guðmundsson. Ólafur Briem. Björn Sigfússon.
Stefán Stefánsson. Árni Jónsson.

Rjett eptirrit staðfestir:

Guðl. Guðmundsson.